

Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um farþegaflutninga og farmflutninga á landi**

Höldur ehf- Bílaleiga Akureyrar vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis og samgöngunefnd.

Mikilvægt er að þingnefndin taki til skoðunar eftirfarandi atriði sem tengjast akstri með ferðamenn gegn gjaldi.

- Samkvæmt drögum að lögum er óheimilt að selja ferðamönnum akstur á bíl sem er minni en 8.sæta, nema bíllinn sé eðalvagn eða sérútbúin bifreið. Slík bifreið getur samkvæmt drögum ekki verið bílaleigubifreið.
- Mörg smærri ferðaþjónustufyrirtæki hafa notfært sér bílaleigubíla í sínum rekstri til aksturs með ferðamenn gegn gjaldi. Samkvæmt núverandi drögum að lögum verður fótunum kippt undan slíkri starfsemi þar sem ólöglegt verður fyrir ferðaþjónustuaðila ( sem þó eru með öll tilskilin leyfi ) að nýta sér bílaleigubíla í slíkri starfsemi.
- Mikil eftirspurn er eftir ferðum um allt land, með smærri hópum ( 2-8 manns ). Ef drögin verða óbreytt að lögum er nauðsynlegt að sinna þessum smáu hópum með stórum bílum eða rútum. Slíkt er hvorki hagkvæmt né umhverfisvænt.

Við leggjum því ríka áherslu á að lögin takmarki ekki aðgengi aðila sem hafa öll tilskilin leyfi til að selja og veita ferðamönnum þjónustu, að öruggum og umhverfisvænum bílaleigubílum sem hæfir hverju tilefni.

Virðingarfyllt

F.h. Hölds ehf- Bílaleigu Akureyrar



Bergþór Karlsson

GSM: 8406040 / beggi@holdur.is